

Fundargerð

Fundarstjórar og ritarar:

Árdís Björk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Stokks

Elísabet Kjarr Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi Pírata

Fundargestir eru 70 Píratar

Fundur hefst 11:30

Dagskrá

1. Opnunarræða Arndísar Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur, þingkonu.

2. Kynning ársreiknings Pírata fyrir 2022.

Vilborg Sturludóttir og Tinna Helgadóttir úr fjármálaráði kynna.

2.1. Það liggur á að leggja fyrir í kosningasjóð. Við vorum í miklum mínus en erum á góðri leið.

[Ársreikningur PDF](#)

2.2. Umræður

Fundarstjórar bjóða fundargestum að bera fram spurningar um ársreikning.

Svo er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar félagsmanna.

Við spurningum um hverjir stóðu að mögulegri sóun fjármagns síðustu árin

þá ítrekaði fjármálaráð ákveðna formgalla í regluverkinu sem

framkvæmdastjórn er að leggja til að breyta. Framkvæmdastjóri var

prókúruhafi, og annar var gjaldkeri en fjármálaráðið sem á að hafa eftirlit með

fjárútlátum hafði ekki aðgang að reikningum. Eina ástæðan að við erum með

gjaldkera er vegna laga um stjórnmalaflokka en í Pírötum hefur þetta hingað

til verið nokkurskonar skuggahlutverk.

Atli Stefán kynnir í framhaldi tillögu sem lýtur að sameiningu

framkvæmdastjórnar og fjármálaráðs til þess að ekki sé hægt að taka

fjármálaákvæðanir fram hjá stjórn.

Góðar umræður um fjármálin og spurt er um kostnað við bókara og endurskoðanda sem var of hár að mati fundaresta, veitingagjöld, kennitölur undirfélaga m.a. ”

Ársreikningur 2022 samhljóða samþykktur með fyrirvara um endurskoðun.

3. Evrópskir Píratar

Elísabet Kjarr Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi Pírata kynnir alþjóðastarfið og PPEU.

[Helstu punktar](#)

4. Sveitastjórnir

4.1 Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi og **Indriði Ingi Stefánsson**, varabæjarfulltrúi kynna starfið í Kópavogi.

- *Segja frá máli er varðar sölu bæjarstjórnar á lóðum til fjárfesta án samþykktar eða umræðu í skipulagsráði.*
- *Bærinn hefur leyfi til að kaupa félagsíbúðir en á markaðsverði og meirihlutinn telur að það að kaupa íbúðir á markaðsverði sé ekki hagkvæmur kostur.*
- *Meirihluti hafnaði hugmynd um að fá næturstrætó í gegnum Kópavog.*
- *Jafnrétti kynjanna. Jafnréttisstofa hefur umsjón en aðhefst lítið. Píratar í Kóp hafa kært til kærunefndar jafnréttismála.*
- *Píratar fengu í gegn kynhlutlausu skráningu við umfjöllun um íþróttafólk ársins.*
- *Indriði lagði til fyrir jafnréttisnefnd samræmingu atvinnuauglýsinga og ekki auglýsa að karlar eða konur megi sérstaklega sækja um.*

4.2. Álfheiður Eymarsdóttir, bæjarfulltrúi Árborg, kynnir starfið í Árborg.

Kynningin (linkur á glærusjóid)

4.3. Umræður

- *Píratar, Viðreisn og óháðir vinna saman og í síðustu kosningum náðu þau að fella hreinan meirihluta Sjálfstæðisflokks sem hafði verið við völd síðustu tvö tímabil.*
- *Um málefni fatlaðs fólks: Við erum í Bergrisanum sem er samlag margra sveitarfélaga og þar er þjónustunefnd sem aðhafst lítið í málaflokknum. En Píratar hafa lagt fram endurskoðun þess efnis en þetta er svo fjölmennt að Píratar eiga erfitt framdráttad.*
- *Um fjármál: Þurftu að standa í mjög miklum kostnaði vegna fjölda nýrra íbúa. Leit að heitu vatni voru dýrar framkvæmdir og verðtryggð lán tekin. Sala varð á eignum og samstarf er hafið við Bláskógabyggð.*

5. Framboðsræður

Frambjóðendur í stjórnir, ráð og nefndir stíga í pontu og kynna sig fyrir félagsfólki en gengið verður til kosninga í næstu viku Boðið er fram í fimm nefndir.

Fjármálaráð 2 sæti til 2 ára	Stefnu og málefnanefnd 3 sæti til 2 ára	Trúnaðarráð 2 sæti til 1 árs	Úrskurðarnefnd	Skoðunarnefnd reikninga
Álfheiður Eymarsdóttir Haukur Viðar Alfreðsson	Árni Pétur Árnason Indriði Stefánsson Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir Magnús Kristján Guðmundsson Steinar Jónsson Þór Hallson Þórir Hilmarsson	Elísabet Kjarr Guðni Öfjörð	Helgi Hrafn Kjartan Sveinn	Kristján Gísli Stefánsson Indriði Stefánsson

6. Stefnu og Málefnanefnd - kynning á tillögu ályktun vegna hatursorðræðu

Indriði Stefánsson og **Derek Terrel Allen** kynna.

Tillögunni er fagnað.

7. Skýrsla borgarstjórnarfulltrúa

Dóra Björt Guðjónsdóttir og **Alexandra Briem**, borgarfulltrúar kynna skýrslu borgarstjórnarfulltrúa.

Fóru yfir píratalegan sáttmála og hlutverk í formennsku og stjórnarsetu, Mikilvægi þess að vinna vel með öðrum. Krefjandi verkefni líðandi stundar vegna verðbólgu og fjárhagsvanda. Fóru yfir helstu verkefni í vinnslu og árangur þeirra.

Fyrirspurnir úr sal.

- Varðandi málefni fatlaðs fólks, ráðlegging um að fara varlega hvernig er talað um þessi mál. Ný lagasetning þar sem tveir fatlaðir fulltrúar í nefndinni sem brunnu upp í umræðunni. Bara verið að horfa á sveitarfélög sem gera hlutina illa en ekki vel.
- Óskað eftir tölu á fjárhagsstöðu þegar Píratar tóku við og hvernig hún er í dag.
- Myndavélamálið og staða þess

8. Skýrsla stjórnar

Formaður framkvæmdastjórnar, **Atli Stefán Yngvason** og formaður Stefnu- og Málefnanefndar, **Indriði Stefánsson** fara yfir árið 2022.

Fóru yfir verkefni ársins, lagabreytingar í skoðun, vefur og tækni og sýndu okkur þessa [dásemdarskýrslu](#).

9. Kynning á Ungum Pírötum

Daníel Þróstur Pálsson úr stjórn UP kynnir stöðu ungra pírata.

Staðan ekki mjög stöðug en þau eru búin að vera virk á samfélagsmiðlum, halda grillpartý osfr.v. Eru alltaf til í mótmæli og sýndu mikinn kraft í mótmælum liðins árs.

UP eru ánægð með þingflokkinn og þau sendu þeim áskoranir fyrir komandi þing.

10. Ályktun um stuðning við hinsegin samfélagið

Aðalfundur Pírata lýsir yfir eindregnum stuðningi við hinsegin samfélagið á Íslandi. Samfélag þar sem öllum er frjálst að vera þau sjálf er forsenda lýðræðis, sem er Pírötum hjartans mál.

Verulegt bakslag hefur orðið í virðingu fyrir sjálfsögðum mannréttindum hinsegin fólks og telja Píratar nauðsynlegt að ráðast í tafarlausar aðgerðir til þess að sporna gegn þessari þróun. Píratar hvetja forsætisráðherra eindregið til þess að setja aftur á dagskrá þingsins tillögu sína um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu sem því miður er ekki að finna á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir komandi þingvetur. Öryggi og frelsi hinsegin fólks má ekki fórnast í pólitískum hrossakaupum.

Orð geta verið öflugt vopn gegn jaðarsettu fólki, og því er brýnt að öll taki höndum saman til þess að koma í veg fyrir að orð séu notuð til þess að grafa undan öryggi fólks og mannréttindum. Þetta er ekki einungis á ábyrgð stjórnvalda, heldur einnig fjölmiðla sem kunna að veita þessari vonsku vettvang. Píratar hvetja fjölmiðla til þess að tryggja að hvorki rangfærslum né hræðsluáróðri um hinsegin fólk sé dreift á þeirra miðlum.

Mikilvægi hinseginfræðslu til þess að sporna gegn fordómum og hatri ber að undirstrika sérstaklega. Öll börn óháð kynvitund, kynhneigð eða kyntjáningu eiga rétt á því að læra um sig sjálf. Uppræting fordóma er lykilatriði í því að mynda friðsamari heild þar sem allir einstaklingar geta blómstrað og verið þau sjálf án nokkurs ótta. Því fyrr sem við getum komið í veg fyrir fordóma, því betra.

Ályktun var samþykkt með afgerandi kosningu

11. Skýrsla þingflokks

Andrés Ingi Jónsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmenn Pírata fara yfir starfsár þingflokksins.

Fóru yfir þingmenn og varaþingmenn sem tóku sæti og eru þeir bestu varamenn sem sögur fara af.

Stóru málin; útlendingafrumvarpið, lindarhvoll, salan á Íslandsbanka, vantraust, chatcontrol, njósnaheimildir lögreglu, rafbyssur. Tölulegar staðreyndir um fyrirspurnir ársins, skýrslubeiðnir, umræður og opna

nefndarfundir, þingmál til nefndar, eitt þingmál í atkvæðagreiðslu. Veturinn framundan, áherslur á þrjú svið og mál sem eru komin til nefndar.

12. Lokaræða og fundir slitið

Valgerður Árnadóttir, talskona Hvalavina, forman samtaka grækera og svo margt annað kom með peppið og fundurinn endaði í mikilli gleði.